

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411  
11. nóvember 1993, með síðari breytingum.

1. gr.

9. gr. breytist þannig:

Liður 09.11 (5), sbr. reglug. nr. 242/1994, orðist svo:

Búnaður til þess að hreinsa framrúðu fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/318 með breytingum í tilskipun nr. 94/68.

2. gr.

12. gr. breytist þannig:

Nýr liður, 12.20 (3), orðist svo:

- (3) Mæliaðferðir sem lagðar eru til grundvallar flokkun á bifhjólum með tilliti til hámarkshraða, hámarkssnúningsvægis og hámarksafls teljast vera fullnægjandi ef þær uppfylla ákvæði EB tilskipunar nr. 95/1.

3. gr.

17. gr. breytist þannig:

Liður 17.11 (3), sbr. reglug. nr. 242/1994, orðist svo:

Skermun hjóla fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/549 með breytingum í tilskipun nr. 94/78 eru uppfyllt.

4. gr.

18. gr. breytist þannig:

Liður 18.11 (2), sbr. reglug. nr. 401/1994, orðist svo:

Fólksbifreið skal uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipunum nr. 93/59 og 94/12, eða sambærilegar reglur.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka EES samningsins, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. maí 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUGERÐ

um þinglýsingar.

I. KAFLI

Færsla dagbókar og móttaka þinglýsingarskjala.

1. gr.

Við hvert embætti þar sem þinglýsing fer fram skal halda dagbók. Skal hún vera lausblaðabók í þríriti eða í tölvufærðu formi.

Í dagbók skal færa eftirtalin atriði varðandi þinglýsingarskjöl:

1. Hvaða dag skjal er móttekið til þinglýsingar,
2. nafn og kennitölu útgefanda skjals,
3. nafn og kennitölu réttthafa eða viðtakanda skjals,
4. tegund skjals,
5. hvaða eign skjal varði,
6. fjárhæð sem tilgreind er í skjali og ræður gjaldtöku,
7. hvort skjal er verðtryggt,
8. þinglýsingarnúmer skjals í óslitinni töluröð fyrir hvert ár.

Í þinglýsingardagbók skal eingöngu skrá þinglýsingarnúmer veðleyfa og/eða umboða fylgi þau aðalskjali.

#### 2. gr.

Hvert skjal skal fært í dagbók sama dag og það berst þinglýsingarstjóra. Skjöl sem berast eftir afgreiðslutíma teljast afhent næsta dag. Hvern dag að lokinni færslu í dagbók skal þinglýsingarstjóri eða fulltrúi hans staðfesta með undirskrift sinni í dagbók að tilgreind skjöl hafi borist til þinglýsingar.

#### 3. gr.

Endurrit dagbókar er skrá er þinglýsingarstjóri skal gera vikulega skv. 3. mgr. 9. gr. þinglýsingalaga.

#### 4. gr.

Eitt samrit dagbókar skal senda ríkisendurskoðun. Á það eintak skal tilgreina gjald er þinglýsingarbeiðandi greiðir og númer kvittunar, er gefin er út fyrir gjaldinu.

#### 5. gr.

Við móttöku þinglýsingarskjals skal frumrit skjals ásamt samriti, er þinglýsingarstjóri heldur eftir, áritað af þinglýsingarstjóra eða starfsmanni hans. Áritun skal fela í sér viðurkenningu um viðtöku skjals og móttökudag.

Þá er skjal hefur verið fært í þinglýsingabók, ritar þinglýsingarstjóri vottorð um þinglýsinguna á bæði eintök skjalsins. Sé skjali þinglýst með athugasemd skal hún skráð á bæði eintök skjalsins.

Ef þinglýsingarbeiðandi óskar eftir kvittun fyrir móttöku skjals, skal þinglýsingarstjóri gefa hana.

#### 6. gr.

Bifreiðabækur skulu varðveittar í tölvuvæddri skrá fyrir landið í heild. Hver færsla í skrána skal auðkennd embætti því þar sem skjal var móttekið til þinglýsingar. Í þinglýsingarvottorði vegna bifreiðar skal greina efni skjala sem móttekin hafa verið. Ef skjal var móttekið við annað embætti en gefur út vottorðið skal þess getið í athugasemd og þá við hvaða embætti það var móttekið. Skrá þessa skal tengja ökutækjaskrá þannig að við notkun hennar megi fá upplýsingar úr bifreiðabókum þinglýsingarstjóra um það hvort þar sé skráð skjal vegna bifreiðar.

Þinglýsingarstjóra er heimilt að gefa út þinglýsingarvottorð óháð heimilisfangi eiganda bifreiðar.

## II. KAFLI

**Varsla þinglýsingarskjala, þinglýsingarpappír og þinglýsingabækur.**

## 7. gr.

Þinglýsingarskjöl skal leggja í töluröð í skjalahylki eða möppur og varðveita í læstum skjalaskápum. Varðveita skal þinglýsingarskjöl og þinglýsingabækur í eldtrausti geymslu þar sem þess er kostur.

Þegar skjali er aflýst, skal nema það úr skjalahylkinu og leggja það í skjalasafn þinglýsingarstjóra og geymast í töluröð. Heimilt er að geyma aflýst skjal áfram í skjalahylki, enda beri það skýrlega með sér að því hafi verið aflýst.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða að þinglýsingarskjöl verði varðveitt á tölvutæku formi.

## 8. gr.

Eintak skjals er þinglýsingarstjóri varðveittir skal vera á löggiltum skjalapappír í stærðinni A 4.

## III. KAFLI

**Aðgangur að þinglýsingabókum og skjalahylkjum.**

## 9. gr.

Almenningur skal hafa aðgang að þinglýsingabókum og skjalahylkjum þeim eða möppum, sem geyma eintök þinglýstra skjala, í þeim tilgangi að kynna sér efni þeirra, eftir nánari ákvörðun viðkomandi þinglýsingarstjóra.

Skoðun þinglýsingabóka í tölvu skal einungis heimil með þeim hætti að númer viðkomandi bifreiðar eða heiti og númer fasteignar eða skips sé notað. Þegar um skoðun í lausafjárnót er að ræða, skal aðgangur þó heimill eftir nafni og kennitölu eiganda lausafjár.

## 10. gr.

Starfsmenn þinglýsingarstjóra skulu vera almenningi til aðstoðar við skoðun þinglýsingabóka og skjalahylkja, en gæta þess jafnframt, að skjöl séu hvorki fjarlægð úr skjalahylkjum né heldur að á skjölum eða þinglýsingabókum séu gerðar breytingar.

Óheimilt er að lána þinglýsingabækur, skjalahylki eða skjöl til nota utan skrifstofu þinglýsingarstjóra.

Þinglýsingarstjóri getur, ef nauðsyn krefur, sett nánari fyriræmi um aðgang almennings að þinglýsingabókum og skjalahylkjum við embætti hans.

## 11. gr.

Þinglýsingarstjóri getur tekið ákvörðun um að fyrirspurnum, sem berast embætti hans símleiðis um efni þinglýsingabóka, sé einungis svarað ákveðinn tíma dags eða hluta úr degi.

Ljósrit (endurrit) skulu afgreidd til þess, er óskar að fá slíkt endurrit, innan viku frá því beiðni barst.

## 12. gr.

Gegn greiðslu endurrítskostnaðar getur sérhver fengið staðfest ljósrit (endurrit) af því, sem greinir í þinglýsingabókum, og ljósrit af þinglýstum skjölum.

Ljósrit (endurrit) úr þinglýsingabók skal þannig úr garði gert, að það sé auðlæsilegt. Áður en það er afhent, skal gengið úr skugga um, að það sé ekki haldið neinum ágöllum, sem rekja má til tæknilegra atvika við ljósritunina.

Ef blað í þinglýsingabók er mjög ógreinilegt eða óskipulegt, skal skrifa það á nýjan leik, áður en ljósrít er tekið.

## 13. gr.

Veita má eftirtöldum aðilum vegna starfsemi sinnar heimild til að skoða tölvufærðar þinglýsingabækur með beinlínutengingu:

1. Opinberum stofnunum,
2. héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum,
3. löggiltum fasteigna- og skipasölum,
4. bifreiðasölum, sem leyfi hafa samkvæmt lögum um sölu notaðra ökutækja,
5. bönkum, sparisjóðum og opinberum lánastofnunum,
6. fjármögnunar- og fjárfestingarfyrirtækjum,
7. váttryggingafélögum,
8. öðrum aðilum, enda hafi tölvunefnd áður veitt samþykki sitt fyrir aðgangi slíks aðila.

Sá er heimild hefur til að skoða þinglýsingabók með beinlínutengingu má prenta út úr henni veðbandayfirlit. Er honum óheimilt að veita óviðkomandi aðila upplýsingar úr þinglýsingabók sem hann fær með beinlínutengingu eða afhenda slíkum aðila veðbandayfirlit.

## 14. gr.

Dómsmálaráðherra, eða sá sem hann felur það, veitir heimild til aðgangs að tölvufærðum þinglýsingabókum með beinlínutengingu í samræmi við nánari reglur er hann setur.

Útrentun á veðbandayfirliti skv. 2. mgr. 13. gr. kemur ekki í stað vottorðs þinglýsingarstjóra um efni þinglýsingabóka samkvæmt þinglýsingalögum.

IV. KAFLI  
Gildistaka o.fl.

## 15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 53. gr. þinglýsingalaga nr. 39 frá 10. maí 1978, öðlast gildi 1. júní 1996. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um þinglýsingar nr. 438/1978 með síðari breytingum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. maí 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Högni S. Kristjánsson.*